

Grunnskóli Hornafjarðar



Fréttabréf 2. tbl. 13. árg. febrúar 2019

Ábyrgðarmaður: Þórgunnur Torfadóttir

Hafnarhittingur 5. febrúar

Þriðji og væntanlega síðasti Hafnarhittingur vetrarins verður næsta þriðjudag 5. febrúar frá 17:00-20:00 í Heppuskóla og íþróttahúsinu á Höfn. – Nánari dagskrá á næstu síðu.

Á Hafnarhittingi verður eitthvað að gera fyrir alla, skotbolti, zumba, kennsla í að gera fasta fléttu, slímgerð, fönður, íslenskukennsla, fatamarkaður og fleira og fleira. Svo verður að sjálfsögðu hægt borða kvöldmat á staðnum, skráning í mat fyrir 18:00. Börn yngri en 12 ára komi vinsamlegast með fullorðnum því þetta á líka að vera samverustund fjölskyldunnar. Svo er þetta tilvalið tækifæri til að sinna áhugamálum eða eignast ný, hitta fólk og hafa gaman.

Markmiðið með Hafnarhittingi er að;

- Styrkja fjölskylduna
- Styrkja félagsleg tengsl
- Styrkja bæinn okkar



Með Hafnarhittingi viljum við bjóða nýtt fólk velkomið í bæinn en ýta líka undir að þeir sem hafa búið hér lengi geti kynnst nýju fólk.

Við hlökkum til að sjá ykkur,

Nemendur í Hafnarhittingsvali og sjálfboðaliðar

Dagskrá á Hafnarhittingi 5. febrúar

Boðið verður upp á mat á kostnaðarverði 500 kr

Íþróttahús

17:10 – 18:00 – Skotbolti í ½ sal

17:10-18:00 Fjölskylduprek með Kollu Björns í ½ sal

18:10 – 19:00 – Frjálst í íþróttahúsi ½ sal

18:10 – 19:00 – Zumba ½ í sal

19:00 – 20:00 Fótboldi

Frítt í sund eftir klukkan 17:00

Heppuskóli

Stofa 1. Kennsla í að gera fasta fléttu kl 17:00-18:00

Stofa 2. Íslenskukennsla

Stofa 3. Litir og spjall

Stofa 4. Föndur

Stofa 5. Slíngerð, kostar 500 kr, koma með box að heiman.

Stofa 6. Spil. Boðið verður upp á fjölbreytt úrval af spilum.

Stofa 7. Barnahornið – þar geta litlu börnin leikið sér saman og gæsla verður á staðnum.

Stofa 8. Fatamarkaður - skipti. Ágóði rennur í gott málefni.

Hvetjum fólk til að koma með föt á fatamarkað í

Heppuskóla fyrir þriðjudaginn 5.febrúar.



Neðri hæð miðrymi - Kaffihúsastemming

Bókasafnið í Heppuskóla - þrjónahornið, nýjar bækur

Eldhúsið í Heppuskóla – matur á kostnaðarverði frá 18:30

Sjálfbóðaliðar og aðstoð vel þegin og hægt að láta vita á staðnum eða hafa samband við Sigurborgu Jónu eða Þórgunni fyrirfram.



Foreldraviðtöl, skipulagsdagur og vetrarfrí

Framundan eru annaskil í skólanum. 14. febrúar er foreldraviðtalsdagur, 15. febrúar er skipulagsdagur þar sem starfsmenn sitja m.a. námskeið og mánudaginn 18. febrúar er vetrarfrisdagur þar sem allir, bæði nemendur og starfsmenn verða í frí.

Á foreldraviðtalsdaginn koma allir nemendur með foreldrum sínum í viðtal. Ef foreldrar vilja nota tækifærið og taka langt helgarfrí, eða að þessi dagur hentar ekki til að mæta í viðtal þá bjóða umsjónarkennarar foreldrum að koma líka dagana á undan.

Vetrarfríið er aðeins einn dagur að þessu sinni en 26. apríl, daginn eftir sumardaginn fyrsta verður annar vetrarfrisdagur í skólanum sem við köllum reyndar vorfrí. Í kjölfar vetrarfrísins verða foreldrar beðnir um að taka þátt í könnun þar sem spurt verður út í viðhorf þeirra til vetrarfrís og hvort vilji sé til að hafa slíkt árlega og þá hvernig og hvenær. Vetrarfrí hafa að sjálfsögðu alltaf áhrif á sumarfrí og stytta það sem vetrarfríinu nemur.

Matseðill í febrúar

- 04. feb Ofnbakaður fiskur og kartöflur
- 05. feb Kjötfarsbollur, kartöflur og hvítkál
- 06. feb Fiskur í raspi og kartöflur
- 07. feb Skyr og þorramatur
- 08. feb Tortilla, hakk og meðlæti

- 11. feb Soðinn þorskur og kartöflur
- 12. feb Lasagne
- 13. feb Fiskibollur og kartöflur
- 14. feb Foreldra viðtöl
- 15. feb Starfsdagur

- 18. feb Vetrarfrí
- 19. feb Lambasnitset og steiktar kartöflur
- 20. feb Ofnbakaður fiskur og kartöflur
- 21. feb Hakkréttur og kartöflumús
- 22. feb Mexíkósúpa

- 25. feb Plokkfiskur og rúgbrauð
- 26. feb Lambaframpartur með karrysósu
- 27. feb Bleikja og kartöflur
- 28. feb Kjötfarsbollur og kartöflur
- 01. mars Hrísgjónagrautur og brauð með áleggi

Næringarútreikningur og nánari innihaldslýsingu á matseðlinum má finna á heimasíðu skólans <http://gs.hornafjordur.is/hagnytar-upplýsingar/matsedill/matsedill/>



Salatbar í hádeginu
mánudaga - fimmtudaga

Hollusta, tannvernd og drykkir í skóla

Eins og nemendur og foreldrar vita þá er sælgæti og gosdrykkja ekki leyfð í skólanum og var almenn samstaða um þá stefnu á sínum tíma. Stundum gleyma unglingarnir þessu þó og því drögum við reglulega upp þetta plakat frá landlæknisembættinu. Með því minnum við á að vatnsdrykkirnir í bláa rammanum eru leyfðir á unglíngastíginu og ávaxtasafar en þó bent á að þeir geta farið illa með tennur. 4.-8. ferbrúar er tannverndarvika og því ágætt að rifja upp hvaða drykkir eru góðir fyrir tennur og heilsu almennt.

